

Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 1 500.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og verður ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 000.00 á skrifstofu rafveitunnar.

Heimtaugargjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug kr. 3 000.00

Auk grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi að kr. 500 000.00 og kr. 5.00 af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að gilda sbr. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 24. mars 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

9. október 1975.

Nr. 450.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 28. september 1975 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur að á áður ráðgerðu grænu svæði við Norður-Mjódd í Breiðholti, skuli leyfð bensinstöð, en borgarstjórn Reykjavíkur hafði áður sam-

þykkt að ábyrgjast bætur, sem af breytingunni kunna að rísa samkvæmt 19. gr. skipulagslaga.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Grafningshreppi í Árnassýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Grafningshrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Ísafjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Ísafjarðar Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 9.00—18.00.

Laugardaga kl. 10.30—12.30.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. september 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.